


# Aðalfundur 2012

~ 24.janúar ~



**Fundargerð**

Aðalfundur settur kl.19:05 í fundarsal á annari hæð Íþróttakademíunnar í Reykjanesbæ.

**Mættir:**

*Einar P. Einarsson, Steinþór Agnarsson, Guðni V. Sveinsson, Magnús Kristinsson, Sverrir Gunnlaugsson, Gunnar M. Magnússon, Guðni Sigurjónsson, Ágúst Borgþórsson, Albert Guidice, Lúðvík Sigurðsson, Guðjón Hauksson, Guðmundur Á. Sigurðsson, Eiríkur H. Sigurjónsson, Ingólfur Einarsson, Róbert Jónsson og Þröstur I. Gylfason.*

Magnús formaður setti fundinn og því næst var Sverrir kosinn fundarstjóri. Guðni vallarstjóri flutti skýrslu stjórnar og Sverrir gjaldkeri kynnti reikninga félagsins sem voru samþykktir samhljóða eftir nokkrar fyrirspurnir. Samþykkt var að hækka félagsgjaldið um 1000 krónur. Magnús Kristinsson og Sverrir Gunnlaugsson voru endurkjörnir sem formaður og gjaldkeri í rússneskri kosningu.

Engar tillögur eða lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

Undir liðnum önnur mál sagði formaður frá fyrirhugaðri 20 ára afmælisflugkomu fyrstu helgina í júní en þá er von á góðum gestum. Fundargestum gafst kostur á að koma með frjáls framlög í afmælisflugkomusjóðinn og söfnuðust áheit upp á 70.002 kr frá félagsmönnum.

Aðalfundi slitið kl.19:30.

Eftir að hafa gætt sér á dýrindis marsipanköku frá Valgeirsbakarí var 2011 vídeóannáll FMS frumsýndur og skemmtu viðstaddir sér yfir honum næstu klukkutímana!

**Sverrir Gunnlaugsson**